

Landlæknisembættið
Austurströnd 5
170 Seltjarnarnes

Reykjavík, 15. desember 2009

Efni: Koffínríkir orkudrykkir

Eftir að reglum um hámarksinnihald koffíns í matvælum var breytt hér á landi hefur úrvalið af svokölluðum orkudrykkjum aukist til muna. Á markað eru komnir drykkir sem innihalda helmingi meira magn koffíns en áður var leyft auk svokallaðra orkuskota en í þeim er koffínmagnið margfalt meira en áður var leyft. Orkuskotin eru ekki ætluð fólki yngri en 18 ára en ekkert kemur þó í veg fyrir að börn og unglingar neyti þeirra enda aðgengilegar í dagvöruverslunum.

Ljóst var að breytingar á reglum voru yfirvofandi þar sem Ísland er aðili að evrópska efnahagssvæðinu. Neytendasamtökin hefðu kosið að Ísland hefði fylgt fordæmi Danmerkur og Noregs sem banna innflutning á drykkjum sem innihalda meira en 150 mg af koffíni í lítra. Innflytjendur í þessum löndum verða að sækja um leyfi til yfirvalda vilji þeir selja sterkari koffíndrykki og eru einhver dæmi um að slík leyfi hafi verið veitt. Slíkar takmarkanir halda þó aftur af neyslu þessara drykkja.

Neytendasamtökin hafa áhyggjur af þróuninni hér á landi enda er markhópurinn fyrir orkudrykki aðallega börn og unglingar. Forstöðumenn félagsmiðstöðva hafa orðið varir við tilfelli þar sem unglingar neyta orkudrykkja í óhófi og hafa margar félagsmiðstöðvar bannað neyslu orkudrykkja. Íþróttafélög hafa orðið vör við neyslu koffínríkja drykkja fyrir æfingar og þá er vinsælt að blanda orkudrykkjum og áfengi saman en slíkt getur verið skaðlegt heilsu viðkomandi.

Neytendasamtökin telja afar mikilvægt að fylgst verði með því hvort tilfelli sem rekja má til neyslu orkudrykkja komi til kasta heilbrigðisþjónustunnar og að öll tilfelli verði skráð. Samtökin fara þess hér með á leit við Landlæknisembættið að það haldi utan um slíka skráningu og kalli jafnframt eftir ábendingum.

Virðingarfyllst f. h. Neytendasamtakanna

Jóhannes Gunnarsson
Brynhildur Pétursdóttir

